



Reykjavík, 17. febrúar 2026

MSS26020004

Borgarráð

Umsögn vegna tækifærisleyfis í tilefni skóladansleik Menntaskólans í Reykjavík, 26. febrúar 2026, Víkin, Traðarlandi 1

Borist hefur umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 4. febrúar 2026, um tækifærisleyfi til lengri opnunartíma eða til kl. 01:30, aðfaranótt föstudagsins 27. febrúar nk. í tilefni af skóladansleik Framtíðarinnar, málsfundafélags Menntaskólans í Reykjavík í Víkinni, Traðarlandi 1.

Í 12. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs sbr. ákvæði laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er fjallað um skóladansleiki eða skemmtun fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára á veitingastað sem leyfi hefur til sölu áfengra veitinga. Þar kemur fram að slík skemmtun telst ávallt breyting á skilmálum rekstrarleyfis og fer um slíka umsókn sem um tækifærisleyfi væri að ræða og gilda um hana sömu skilyrði. Í ákvæðinu kemur jafnframt fram að skóladansleikir mega ekki standa lengur en til kl. 01.00 alla daga en borgarráð getur ákveðið að veita jákvæða umsögn um að einn skóladansleikur hvers framhaldsskóla á almanaksári fái að standa til kl. 02.00 ef veitingastaður er ekki umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð.

Víkin, Traðarlandi 1, skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 tilheyrir lóðin og byggingin á Traðarlandi 1 borgarhluta 5 Háaleiti – Bústaðir og er hluti af opnu svæði OP29, íþróttasvæði innan hverfis. Ekki hafa verið gerðar neinar skipulagslegar athugasemdir við að veita leyfi í Víkinni, Traðarlandi 1.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að borgarráð veiti jákvæða umsögn um að skólaball Verzlunarskóla Íslands megi standa til kl. 01.30, aðfaranótt föstudagsins 27. febrúar nk.

Virðingarfyllt,
Eiríkur Búi Halldórsson
Skrifstofa borgarstjórnar



Reykjavík